

# Starfsreglur stjórnar

## Ríkisútvarpsins ohf.

### 1. gr.

#### Almennt um starfsreglur stjórnar

1.1 Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt 5. mgr. 70. gr. laga nr. 20/1995 um hlutafélög og 3. mgr. greinar 5.2.4 í samþykktum félagsins.

1.2 Í reglum þessum er kveðið nánar á um framkvæmd starfa stjórnar og stjórnarhætti félagsins til fyllingar ákvæðum hlutafélagalaga þar að lútandi.

1.3 Allir stjórnarmenn skulu fá eintak af starfsreglum þegar þeir taka sæti í stjórn félagsins. Þeim skulu jafnframt afhent eintök af samþykktum félagsins. Starfsreglur stjórnar skulu að jafnaði teknar fyrir á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar og gerðar á þeim þær breytingar sem stjórnin ákveður.

1.4 Stjórnarmenn skulu staðfesta þær starfsreglur sem stjórnin setur sér með undirritun sinni.

1.5 Starfsreglur stjórnar skulu birtar á vef félagsins.

### 2. gr.

#### Skipting starfa innan stjórnar

2.1 Að loknu stjórnarkjöri í félaginu skal stjórnin halda stjórnarfund svo fljótt sem auðið er. Hin nýkjörna stjórn skal kjósa sér formann og varaformann. Aldursforseti stýrir fundi þar til formaður hefur verið kosinn. Jafnframt skal á fyrsta fundi ákveðið hver skuli rita fundargerðir stjórnar.

2.2 Stjórn getur í sérstökum tilvikum falið einstökum stjórnarmönnum tiltekin mál til athugunar og undirbúnings afgreiðslu á stjórnarfundum og skal bóka um slíkt í fundargerð. Slík verkaskipting hefur ekki í för með sér að stjórnarmenn séu undanþegnir eftirlitsskyldu sinni eða öðrum lögbundnum hlutverkum.

2.3 Formaður stjórnar skal stuðla að virkni í allri ákvarðanatöku hennar. Þá skal formaður stjórnar m.

- a.
  - tryggja að stjórnin fái í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að stjórnin geti sinnt störfum sínum,
  - fylgjast með að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt innan félagsins.
  - semja dagskrá stjórnarfunda í samráði við útvarpsstjóra, sjá um boðun þeirra og stjórnun.

### 3. gr.

#### Hlutverk og skyldur stjórnar

3.1 Stjórn félagsins ber meginábyrgð á rekstri þess og fer með æðsta vald í málefnum þess milli hluthafafunda. Hún skal í störfum sínum ætíð hafa að leiðarljósi hlutverk og skyldur félagsins samkvæmt lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna, sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði.

SAB

3.2 Stjórn skal gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess og markar stefnu félagsins. Stjórnin ber endanlega ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins. Stjórnin gætir þess að skipulag og starfsemi félagsins sé ávallt í góðu horfi og að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og fjármunum félagsins.

3.3 Stjórn ræður framkvæmdastjóra, útvarpsstjóra, og veitir honum lausn. Skal gerður skriflegur ráðningarsamningur við útvarpsstjóra.

3.4 Í samvinnu við útvarpsstjóra setur stjórn félaginu markmið í samræmi við tilgang þess og annast þá stefnumótun sem nauðsynleg er til að ná markmiðum félagsins. Til þessa hlutverks skal m.a. talin samvinna um mótun dagskrárstefnu og um megináherslur í starfi félagsins til lengri tíma.

3.5 Stjórn starfar samkvæmt starfsáætlun sem sett er í upphafi hvers starfsárs.

3.6 Stjórn tekur þær ákvarðanir sem telja verður óvenjulegar, sérstakar eða mikilsverðar fyrir rekstur félagsins.

3.7 Einungis stjórn getur veitt prókúruumboð.

3.8 Til þess að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni skulu stjórnarmenn hafa jafnan aðgang að öllum gögnum sem varða félagið.

#### 4. gr.

##### Boðun funda o.fl.

4.1 Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þörf þykir, þó að jafnaði eigi sjaldnar en mánaðarlega. Skyld er að boða til stjórnarfundar ef einn stjórnarmanna eða fleiri krefjast þess. Í slíkum tilvikum skal að jafnaði halda stjórnarfund innan tveggja vikna frá því krafa var sett fram.

4.2 Stjórnarfundir skal boða með að minnsta kosti viku fyrirvara nema brýna nauðsyn beri til annars. Formaður stjórnar boðar til fundarins eða útvarpsstjóri í umboði hans.

4.3 Stjórnarfundir skal boða með bréfi eða tölvuskeyti. Almennt skal senda dagskrá og þau gögn sem til umfjöllunar eiga að vera á fundinum með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.

4.4 Geti stjórnarmaður ekki sótt fund ber honum að boða forföll með a.m.k. sólarhrings fyrirvara til formanns stjórnar og benda um leið á varamann sem skal hafa verið á sama lista og hlutaðeigandi stjórnarmaður við tilnefningu Alþingis til stjórnar. Skal formaður stjórnar þá boða þann varamann í stað hlutaðeigandi stjórnarmanns.

4.5 Stjórnarfundir skal almennt halda á starfsstöð félagsins. Stjórn getur ákveðið að stjórnarfundir megi halda með aðstoð rafrænna miðla, svo sem með tölvu- eða fjarskiptabúnaði, eða með öðrum sambærilegum hætti. Stjórnarfundir skal þó halda með hefðbundnum hætti ef útvarpsstjóri eða stjórnarmaður krefst þess.

4.6 Útvarpsstjóri situr fundi stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

4.7 Meðan tiltekið málefni er til umfjöllunar á stjórnarfundum getur stjórn kallað til starfsmenn félagsins, endurskoðanda félagsins eða aðra aðila.

4.8 Fundarritari skal rita fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og skal fundargerðin send stjórnarmönnum til yfirlstrar að loknum fundum. Stjórnarmenn skulu láta þess getið á fundum óski þeir

eftir að tiltekin atriði séu færð til bókar. Fundargerð skal borin upp á næsta stjórnarfundum og undirrita hana þeir stjórnarmenn sem tóku þátt í viðkomandi fundum, sem og útvarpsstjóri. Stjórnarmenn sem ekki voru viðstaddir stjórnarfundum sem fundargerð tekur til skulu staðfesta með undirskrift að þeir hafi kynnt sér fundargerðina.

4.9 Fundargerðabók skal ásamt framlögðum fundargögnum varðveitt í húsakynnum félagsins og skal hún vera aðgengileg fyrir stjórnarmenn, útvarpsstjóra og endurskoðendur félagsins.

## 5. gr.

### Ákvörðunarvald stjórnar, atkvæðagreiðslur o.fl.

5.1 Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum. Stjórn er ákvörðunarbær ef meirihluti stjórnar sækir fund (eftir atvikum varamenn í forföllum aðalmanna).

5.2 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum við ákvörðunartöku nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins, lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

5.3 Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins.

5.4 Upplýsingagjöf til stjórnar fer fram á stjórnarfundum. Þó er heimilt að miðla gögnum og öðrum upplýsingum til stjórnar milli funda en það skal ávallt fært til bókar á næsta stjórnarfundum og umrædd gögn eða upplýsingar varðveittar með gögnum þess fundar.

5.5 Stjórnarmenn hafa aðgang að öllum gögnum um félagið sem nauðsynleg eru til að þeir geti sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sinni. Nú óskar stjórnarmaður eftir tilteknum gögnum, t.d. um rekstur og starfsemi félagsins, og skulu þau þá einnig afhent öðrum stjórnarmönnum. Óskum stjórnarmanns um gögn eða upplýsingar skal beint til formanns stjórnar eða útvarpsstjóra, eftir atvikum.

5.6 Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að allir stjórnarmenn hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft tíma til að kynna sér efni þess. Óski stjórnarmaður eftir frestun máls skal hann bera rökstudda tillögu þess efnis upp á stjórnarfundum.

## 6. gr.

### Vanhæfi stjórnarmanna og hagsmunaárekstrar

6.1 Stjórnarmenn og útvarpsstjóri skulu gefa stjórn skýrslu um eign sína í öðrum félögum, sé um hagsmuni að ræða sem skipta máli varðandi störf þeirra fyrir félagið. Stjórnin getur sett sér nánari viðmiðunarreglur um mat á slíkum hagsmunum.

6.2 Stjórnarmenn skuldbinda sig til að hagnýta sér hvorki í eigin þágu né í þágu aðila utan félagsins upplýsingar sem þeir fá aðgang að í störfum sínum fyrir félagið. Gildir það bæði um upplýsingar sem unnar hafa verið af hálfu félagsins sjálfs og utanaðkomandi upplýsingar.

6.3 Stjórnarmenn og útvarpsstjóri skulu ekki taka þátt í samningaviðræðum milli þeirra sjálfra og félagsins, lögsóknnum á hendur þeim, samningum milli félagsins og þriðja aðila eða lögsóknnum á hendur þriðja aðila ef þeir hafa þar að gæta verulegra hagsmuna í andstöðu við hagsmuni félagsins.

SDG

6.4 Stjórnarmaður telst vera vanhæfur ef mál varðar viðskipti hans eða fyrirtækis sem hann á hlut í, situr í stjórn hjá, er fyrirsvarsmaður fyrir eða mál varðar aðila sem er tengdur honum persónulega eða fjárhagslega.

6.5 Stjórnarmaður má ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum, ef slíkt getur skarast við hagsmuni félagsins.

6.6 Stjórnarmanni er skylt að upplýsa um atvik sem geta valdið vanhæfi hans og skal hann gera það um leið og slík mál koma upp. Stjórn félagsins tekur ákvörðun um vanhæfi einstakra stjórnarmanna ef vafamál kemur upp en hæfi stjórnarmanna skal að öðru leyti metið á grundvelli laga. Áréttu ber að hér er átt við vanhæfi til afgreiðslu einstakra mála og þ.u.l. en ekki hæfi til stjórnarstarfa.

6.7 Vanhæfur stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð slíks máls að neinu leyti og á þar af leiðandi ekki að fá aðgang að gögnum eða vera viðstaddur umræður eða ákvarðanatöku á stjórnarfundum. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti og að hann hafi ekki fengið aðgang að gögnum.

## 7. gr.

### Útvarpsstjóri

7.1 Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri félagsins. Stjórn útbýr starfslýsingu fyrir útvarpsstjóra og skipurit fyrir fyrirtækið að því marki sem þörf er á.

7.2 Útvarpsstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeim fyrirmælum sem stjórn hefur gefið og þeirri stefnu sem hún hefur markað. Í heimild útvarpsstjóra til að annast daglegan rekstur felst ekki heimild til aðgerða sem eru óvenjulegar, sérstakar eða mikilsverðar fyrir rekstur félagsins.

7.3 Útvarpsstjóri skal á hverjum fundi stjórnar gefa stjórn skýrslu um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundum. Skal hann í því sambandi tryggja að stjórnarmenn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál félagsins og stöðu þess almennt. Skulu slíkar upplýsingar að jafnaði berast stjórnarmönnum tímanlega fyrir stjórnarfundum.

7.4 Útvarpsstjóri skal tryggja að uppgjör og ársreikningar félagsins séu gerðir í samræmi við lög og góðar reikningsskilavenjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggum hætti. Þá skal hann veita endurskoðendum félagsins allar þær upplýsingar um rekstur félagsins og málefni sem þeir kunna að óska eftir.

## 8. gr.

### Hluthafafundir

8.1 Stjórnin boðar til aðalfundar eða útvarpsstjóri að fengnu sérstöku umboði stjórnar. Aukafundir skulu haldnir þegar stjórn eða endurskoðandi telur ástæðu til, eða ef hluthafi félagsins setur fram kröfu um það.

8.2 Að jafnaði skulu stjórnarmenn auk útvarpsstjóra vera viðstaddir hluthafafundi.

8.3 Öll samskipti við hluthafa félagsins skulu vera skýr, heiðarleg og samræmd. Stjórnin skal vera upplýst um tillögur og spurningar hluthafa og stjórnin skal hafa yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim.

#### 9. gr.

##### Samskipti við starfsmenn

9.1 Stjórn skal ár hvert boða til almenns starfsmannafundar að hausti þar sem starfsfólki gefst kostur á að ræða starfsemi félagsins við stjórn þess og koma með athugasemdir, ábendingar og tillögur um starfsemina.

#### 10. gr.

##### Árangursmat

10.1 Við lok starfsárs stjórnar skal hún koma saman á sérstökum fundi til að meta störf sín, verklag og starfshætti, auk frammistöðu undirnefnda og útvarpsstjóra. Skal í því sambandi yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið þess. Í slíku mati leggur stjórn m.a. mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugar að því sem hún telur að betur megi fara. Á dagskrá sama fundar skal einnig fjallað um skýrslu stjórnar vegna aðalfundar félagsins.

#### 11. gr.

##### Starfskjarastefna

Stjórn skal samþykkja starfskjarastefnu félagsins. Starfskjarastefna skal birt í tengslum við aðalfund félagsins og skal þar samþykkt.

#### 12. gr.

##### Þagnarskylda

12.1 Á stjórnarmönnum og útvarpsstjóra hvílir þagnarskylda um þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga eða samþykktum félagsins.

12.2 Stjórnarmenn og útvarpsstjóri eru ábyrgir fyrir því að upplýsingar og efni það sem þeir hafa tekið við, sbr. ákvæði 12.1, fari ekki lengra eða komist á annan hátt í hendur utanaðkomandi aðila. Trúnaðarskylda þessi helst jafnvel þótt einstakir stjórnarmenn eða útvarpsstjóri láti af störfum, af hvaða ástæðu sem er.

SDB

13. gr.

Annað

13.1 Um ábyrgð, valdsvið og störf stjórnar félagsins fer að öðru leyti en greinir í reglum þessum samkvæmt lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum um ársreikninga og öðrum almennum lögum og samþykktum félagsins.

13.2 Starfsreglum þessum verður einungis breytt með samþykki meirihluta stjórnarmanna.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Ríkisútvarpsins ohf. hinn 24. apríl 2024.

Silja D. Gunnarsdóttir